



Köfun og yfirborðsköfun (snorkl)

Sértæk gæðaviðmið nr. 216

5. útgáfa 2022

Eftirfarandi gæðaviðmið eru fyllt út af fulltrúa fyrirtækisins. Nauðsynlegt er að gefa greinagóðar upplýsingar um það hvernig hvert og eitt viðmið, sem á við starfsemi fyrirtækisins, er uppfyllt t.d. með tilvísun í gæðahandbók, öryggisáætlanir, myndir eða önnur gögn. Í vettvangsheimsókn sannreynir úttektaraðili upplýsingarnar.

216-1	Öryggi	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
216-1.1	Til er ferðaáætlun fyrir hverja ferð (skrifleg lýsing) þar sem m.a. er fjallað um leiðir sem fara skal, tímaáætlun og fyrirkomulag ferðar.			
	Til er gátlisti um öryggisbúnað í ferðum t.d.: a. Búnað til að veita fyrstu hjálp. b. Fjarskiptabúnað. c. Súrefnistæki fyrir neyðartilvik. d. Annað eftir aðstæðum í hverri ferð.			
216-1.2	Til er skrifleg áætlun um viðhald, þrif og endurnýjun öryggisbúnaðar. Í henni er m.a. fjallað um eftirfarandi: a. Reglulega skoðun og prófun búnaðar. b. Sótthreinsun og þrif á búnaði. c. Líftíma búnaðar m.t.t. aldurs og notkunar (sjá viðurkennd viðmið framleiðanda).			
216-1.3	Þess er gætt að allir viðskiptavinir sem fara í köfun hafi gilt köfunarskírteini. (Gildir ekki um yfirborðsköfun).			
216-1.4	Viðskiptavinir fá ráðleggingar varðandi fatnað, búnað og annað sem til þarf og veittar eru upplýsingar um þá aðstöðu sem í boði er.			
216-1.5	Hvenær sem notuð er áfyllingarstöð lofts er þess gætt að rétt sé gengið frá öllum skjölum og að skráð séu niður reglubundin skipti á síum svo og prófanir á hreinleika lofts.			

216-1.6	Fjöldi viðskiptavina á hvern leiðsögumann (<i>PADI Divemaster</i>) er ekki meiri en 4 í köfun og 8 í yfirborðsköfun en aldrei fleiri en reglur viðkomandi köfunarstaðar segja til um.			
216-1.7	Í undirbúningi fyrir hverja ferð fara leiðsögumenn yfir gátlista þar sem fram koma atriði varðandi m. a.: a. Ferðaáætlun og leiðir sem fara skal. b. Veðurspá. c. Búnað. d. Upplýsingar um viðskiptavini. e. Að viðbragðsáætlanir séu ávallt með/aðgengilegar í ferðum			
216-1.8	Viðskiptavinir hafa aðgang að upphitaðri aðstöðu til að klæðast búnaði til köfunar.			
216-1.9	Til er gátlisti fyrir leiðsögumenn um þau öryggisatriði sem farið er yfir með viðskiptavinum fyrir ferð og á meðan á ferð stendur m.a. varðandi: a. Viðeigandi búnað. b. Staðhætti og veðurskilyrði. c. Tímaáætlun. d. Upplýsingar um köfunina, dýpi, tíma í sjó/vatni o.fl. e. Öryggisráðstafanir þar sem gæta þarf sérstakrar varúðar vegna aðstæðna. f. Viðbrögð í neyðartilfellum. g. Umgengni við náttúruna og ábyrga hegðun til að vernda gróður, jarðmyndanir og dýralíf í samræmi við reglur sem gilda á svæðinu. h. Næringu, drykkjarföng og aðgengi að vatni í/eftir ferð. i. 112 neyðarnúmer á Íslandi. Tryggt er að viðskiptavinir hafi skilið fyrirmæli.			

216-1.10	Skip/bátar sem notaðir eru vegna köfunar eða yfirborðsköfunar eru útbúnir með sérstöku tilliti til þarfa kafara t.d. með köfunarstigum, köfunarstöðvum og viðeigandi varabúnaði.			
216-1.11	Fyrirtækið hefur sett sér skriflegar viðmiðunarreglur um hvenær beri að aflýsa ferð vegna veðurs.			
216-1.12	Fyrirtækið upplýsir starfsfólk og viðskiptavini um nauðsyn þess að vera í góðu líkamlegu ástandi og að neysla áfengis eða vímuefna geti komið í veg fyrir þátttöku í ferð.			
216-2	Umhverfi	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
216-2.1	Ávallt eru notaðir merktir vegir eða viðurkenndir ökuslóðar. Þar sem þess er ekki kostur, s.s. að vetralagi, er forðast að aka um svæði þar sem náttúrufar er viðkvæmt, sbr. gildandi lög um náttúruvernd.			
216-2.2	Aðeins er ekið yfir vatnsföll á stöðum sem til þess eru ætlaðir og farið er út í ár og upp úr þeim þannig að komið sé í veg fyrir skemmdir á bökkum.			
216-2.3	Viðskiptavinir eru fræddir um salernisúrræði þar sem hefðbundin aðstaða er ekki fyrir hendi.			
216-2.4	Allur úrgangur og/eða búnaður sem ekki eyðist í náttúrunni er fjarlægður.			
216-2.5	Í upphafi ferðar minnir leiðsögumaður viðskiptavini á ábyrga ferðahegðun.			

216-3	Menntun og þjálfun	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
216-3.1	Leiðsögumenn hafa lokið námskeiðinu <i>PADI Divemaster</i> hjá viðurkenndum aðila eða sambærilegu námskeiði* og eru með gild atvinnukafaraskírteini frá Samgöngustofu.			
216-3.2	Allir starfsmenn (aðstoðarmenn) í ferðum hafa lokið skyndihjálparnámskeiði (4 klst.) hjá viðurkenndum aðila og sækja upprifjunarnámskeið á tveggja ára fresti.			
216-3.3	Leiðsögumenn sækja upprifjunarnámskeið í skyndihjálparnámskeiði árlega hjá viðurkenndum aðila.			
216-3.4	Yfirleiðsögumaður er lærður köfunarkennari með réttindi frá viðurkenndum alþjóðlegum köfunarskóla, t.d. PADI, SSI, CMAS eða sambærileg réttindi*.			

**Ef leiðsögumaður hefur lokið námskeiði frá öðrum aðila þarf að skila skriflegum gögnum varðandi það til úttektaaðila. Gögnin þurfa m.a. að innihalda námskeiðslýsingu og upplýsingar um leiðbeinanda námskeiðsins. Úttektaraðili metur hvort að námskeið teljist sambærilegt.*